

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúrvættið Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúrvættið Tungufoss í Köldukvísl í Mosfellsbæ. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasiðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Tjöldun og næturdvöl er óheimil innan náttúrvættisins, sbr. kafla 3.4.1.

2. gr.

Óheimilt er að kveikja eld innan náttúrvættisins, sbr. kafla 3.4.1.

3. gr.

Hestar eru ekki heimilir innan náttúrvættisins nema á reiðstígum sem kunna að vera skilgreindir, sbr. kafla 3.6.

4. gr.

Reiðhjól eru óheimil utan reiðhjólastíga sem kunna að vera skilgreindir. Heimilt er að leiða reiðhjól um gönguleiðir svæðisins, sbr. kafla 3.6.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 7. október 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2020